



## Stjórnarfundur 6 miðvikudaginn 8. mars 2017 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Árni Jón Eggertsson, Hrafnhildur Theódórsdóttir, Steinn Einarsson, Einar Ólafsson.

Afboð og mættu ekki: Kristín Harpa Hálfðánardóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson

### Dagskrá

- Ársþing BLÍ (ársreikningur, framboð, starfsnefndir, tillögur)
- Bikarkeppnin (umsjón, veitingasala, skilti, umgjörð)
- Fjármál (iðkendagjald)
- Starfsmannamál
- Landslið
- Önnur mál

### Fundargerð

#### Ársþing BLÍ

- Komið hafa fram framboð í laus sæti í aðalstjórn og varastjórn, og til formanns BLÍ.
- Ákveðið var um hverjir taka að sér formennsku í starfsnefndum þingsins.
- Farið var yfir þær tillögur sem bárust til þingsins.
- Árni Jón fór yfir ársreikninga sambandsins þar sem fram kemur að sambandið er rekið með tapi upp á rúma milljón. Bókhalðið var tekið í gegn og eru afskrifaðar um 1 milljón króna af útistandandi reikningum sem eru meira en árgamlir, bæði félög og fyrirtæki.

#### Bikarkeppnin

- Umsjón bikarkeppninnar er í höndum BLÍ. Lagt er til að fá U16 og U17 landsliðin til að vinna við veitingasöluna og sjálfboðaliði á velli, boltar og þurrkarar.
- Sævar kom með þá hugmynd að dómara nefndin tæki að sér að manna dómgæslu, línuverði og ritara með dómurum í blaki. Kostnaði verður haldið í lágmarki og á eftir að ræða þetta betur í dómara nefndinni.
- Jason nefndi hvort ætti að hafa LED skilti bæði í undanúrslitum og úrslitum. Kostnaðurinn við skiltin verður líklega meiri en áður. Rætt var um að salan inn á skiltin þyrfti að vera mjög góð til að keppnin standi það af sér.
- Sævar nefndi samstarfið við Fimleikasambandið, þ.e.a.s. að hljóðkerfi, lýsing og stór skjár verði á svæðinu sem BLÍ geti nýtt sér. Ekki er á hreinu kostnaðartölur og var Sævari falið að athuga það áður en ákvörðun verði tekin.
- Ljóst er að RÚV verður ekki með beina útsendingu frá undanúrslitunum. BLÍ þarf að semja við aðila um að sýna frá leikjunum í undanúrslitunum. Gengið í það að athuga málið.

#### Fjármál

- Rætt lítillega um iðkendagjald og þá staðreynd að Felix sýni rangar tölur um fjölda iðkenda. Ársþing BLÍ er framundan þar sem tillaga er tengd iðkendagjaldinu að einhverju leyti. Það er í gildi reglugerð og upphæðin fyrir tvö árin er tilbúin þannig að ekki þarf að ákveða neitt um það á þinginu.
- Iðkendagjald fyrir síðari hlutann er í vinnslu og reiknar framkvæmdastjórinn með því að reikningar fara út í byrjun næstu viku til félaganna.

#### Starfsmannamál

- Þörf er á að ráða starfsmann í hlutastarf. Vinna við að útbúa verkefnalýsingu fyrir stöðugildi verður í höndum nýrrar stjórnar eftir ársþing.

## Landslið

- Stefán sagði frá landsliðsstarfinu framundan. U16 og U17 eru á leið í Evrópukeppni um páskana og kvennalandsliðið á leið í æfinga- og keppnisferð til Ítalíu. Þá var talað lítillega um verkefni A landsliðanna í vor og línur farnar að skýrast með fararstjórn og annað því um líkt.

## Önnur mál

- Öldungur 2017 hefur falast eftir gólfdukk sambandsins til að útbúa tvo velli á öldungamótinu í vor. Þeirri spurningu varpað fram hvort BLÍ ætti að leigja dúkinn eða ekki. Hingað til hefur gólfið verið lánað með lánsamningi. Var það mat fundarins að klára málið með slíkum lánsamningi við Aftureldingu en það jafnframt ákveðið að hér eftir verði sett leiguverð á dúkinn til þeirra sem á þurfa að halda.
- Jason kynnti niðurstöður vinnuhóps um endurskoðun á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ. Lítillega var rætt um niðurstöðurnar og fannst fundarmönnum niðurstöðurnar jákvæðar fyrir Blaksambandið.

Fleira var ekki rætt

*Fundi slitið kl. 18:10*

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð*